

Gróður við Dyjandisvog

Unnið fyrir Ísafjarðarbæ

Hafdís Sturlaugsdóttir
Cristian Gallo

Júní 2008
NV nr. 12-08

ÚTDRÁTTUR

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á vegum Ísafjarðarbæjar við Dynjandisvog. Fyrirhugað er að leggja akfæran stíg að rotþró við tjaldsvæðið. Einnig er áætlað að bæta aðstöðu fyrir húsbíla og hjólhýsi.

Svæðið í kringum Dynjanda er á Náttúruminjaskrá sem friðlýst náttúruvætti og hefur verið frá 1981.

Gróðurfar einkennist af graslendi og lyngmóa. Mest áberandi er gamalt túnstæði en þar eru framkvæmdirnar fyrirhugaðar og hafa þær því ekki áhrif á óraskað land. Hluti af gamla túnstæðinu er nú þegar nýttur sem tjaldsvæði en annað hefur ekki verið slegið í einhver ár. Þar er talsverð sína í grassverðinum.

Ekki fundust neinar plöntur á valista eða sem teljast geta sjaldgæfar. Alls fundust 77 tegundir háplantna á svæðinu. Allar plönturnar sem fundust eru algengar á þessu landsvæði.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
MYNDIR	3
TÖFLUR.....	3
INNGANGUR	4
AÐFERÐ.....	4
Rannsóknarsvæðið	5
NIÐURSTÖÐUR	6
Gróðurfur.....	6
Tegundir plantna	7
Náttúruvætti	9
UMRÆÐUR	9
HEIMILDIR.....	10

MYNDIR

1. mynd. Kort af nágrenni rannsóknarsvæðis. Rauður puntur sýnir rannsóknarsvæðið.	5
2. mynd. Gróðurlendi við Dynjanda.	6

TÖFLUR

1. tafla. Skýringar á 2. mynd.....	7
2. tafla. Háplöntutegundir sem fundust við gróðurskoðun í september 2007 á rannsóknarsvæðinu. Nafngiftir eru samkvæmt Herði Kristinssyni (Hörður Kristinsson, 1986).	7

INNGANGUR

Að beiðni Ísafjarðarbæjar fór fram könnun á gróðri og gróðurlendum í Dynjandisvogi í Arnarfirði. Fyrirhugað er að leggja akfæran stíg að rotþró á nýjum stað vegna tæmingar. Einnig er áætlað að bæta aðstöðu fyrir húsbíla og hjólhýsi.

AÐFERÐ

Gróðurkort af svæðinu eru ekki til. Gróður var kortlagður á vettvangi og skráð inn á loftmyndir. Gróður var flokkaður í gróðurlendi með sjónmati. Einnig var þekja skráð. Notaður var gróðurflokkunarlykill Náttúrufræðistofnunar frá 1997 (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1997).

Í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar eru til plöntulistar yfir háplöntur í 10 x 10 reitum frá þessu svæði. Þeir reitir ná langt út fyrir rannsóknarsvæðið. Þeir listar voru athugaðir fyrir vettvangsferð til að kanna hvort þar væru plöntur á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996). Gróður á svæðinu var skoðaður 11. júní 2008, í þurru og sólríku veðri. Við gróðurskoðun var gengið um svæðin og skráðar plöntutegundir. Gróðurkort var teiknað eftir þeim gögnum sem safnað var. Gróðurlendin voru teiknuð inn á loftmyndir, frá Loftmyndum ehf. Myndirnar voru teknar úr 3500 m hæð árið 1998.

Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið afmarkast af því svæði sem mest er nýtt af ferðamönnum við Dynjandisvog og upp undir Dynjandisfoss, það er að mestu gamla bæjarstæðið á Dynjanda sunnan og vestan við Dynjandisá. Einnig var farið upp með Dynjandisá. Rannsóknarsvæðið var um 13 ha að stærð.




1. mynd. Kort af nágrenni rannsóknarsvæðis. Rauður puntur sýnir rannsóknarsvæðið.

NIÐURSTÖÐUR

Gróðurfur

Rannsóknarsvæðið einkennist að lyngbrekkum að mestu, ásamt graslendi. Það er flatt næst fjörunni en hækkar til fjallsins. Mest af flatlendinu er gamalt tún en graslendi til hliðar við það (merkt R3 og H1 á 2. mynd). Meðfram Dynjandisá er lynggrónar brekkur, neðst graslendi með lyngi en ofar mosi með lyngi. Tveir litlir lækir renna um rannsóknarsvæðið sunnan við Dynjandisá. Í kringum þá eru votlendisblettir, um 0,2-0,3 ha hvor, annar með klóffífu og lyngi (V8) og hinn með mýrastör og klóffífu (U4). Skiptingu rannsóknarsvæðis í gróðurlendi má sjá 2. mynd.



2. mynd. Gróðurlendi við Dynjanda.

1. tafla. Skýringar á 2. mynd.

Gróðurlendi

Mosagróður

A3 Mosi með stinnastör og smárunnum

A4 Mosi með smárunnum

A8 Mosi með grösum og smárunnum

Lyngmói

B1 Krækilyng – fjalldrapi – bláberjalyng

Graslendi

H1 Grös

H3 Grös með smárunnum

Hálfdeigja

T5 Grös – starir

Mýri

U4 Mýrastör/stinnastör - klófífa

Flói

V8 Klófífa – bláberjalynd - fjalldrapi

Þekja

x Gróðurþekja að meðaltali 75%

z Gróðurþekja að meðaltali 50%

þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

Ógróið land

ey Þurrar áreyrar

fj Fjara

by Mannvirki

av Vatn

Tegundir plantna

Alls fundust 77 tegundir háplantna á svæðinu. Allar eru plönturnar algengar á þessu landsvæði en sóldögg og þríhyrnuburkni eru fremur sjaldgæfar á landsvísu. Listi yfir plöntur sem fundust í gróðurskoðun er í töflu 2.

2. tafla. Háplöntutegundir sem fundust við gróðurskoðun í júní 2008 á rannsóknarsvæðinu. Nafngiftir eru samkvæmt Herði Kristinssyni (Hörður Kristinsson, 1986).

Íslenskt heiti

Aðalbláberjalyng

Augnfró

Axxhæra

Birki

Bláberjalyng

Blóðberg

Brennisóley

Brjóstagras

Brönugrös

Engjarós

Finnungur

Fjalldrapi

Geldingahnappur

Grasvíðir

Grávíðir

Gullmura

Latneskt heiti*Vaccinium myrtillus**Euphrasia frigida**Luzula spicata**Betula pubescens**Vaccinium uliginosum**Thymus praecox**Ranunculus acris**Thalictrum alpinum**Dactylorhiza maculata* ssp .islandica*Potentilla palustris**Nardus stricta**Betula nana**Armeria maritima**Salix herbacea**Salix callicarpea**Potentilla crantzii*

Íslenskt heiti

Gulmaðra
 Gulvíðir
 Háliðagras
 Hálíngresi
 Holtasóley
 Hófsóley
 Hrafnaklukka
 Hrossanál
 Hvítmaðra
 Hvítmaðra
 Ilmreyr
 Kattartunga
 Klóelfting
 Klófífa
 Klukkublóm
 Kornsúra
 Krækilyng
 Lambagras
 Lindadúnurt
 Litunarjafni
 Ljónslappi
 Loðvíðir
 Lófótur
 Lógresi
 Lyfjagras
 Lyngjafni
 Lækjargrýta
 Lækjarsteinbrjótur
 Maríustakkur
 Mosalyng
 Móasef
 Mýrafinnungur
 Mýrastör
 Mýrelfting
 Mýrfjóla
 Ólafssúra
 Skarífífill
 Skollafingur
 Skriðlíngresi
 Slíðrastör
 Smjörgras
 Snarrótarpuntur
 Sóldögg
 Stinnastör
 Stjörnuarfi

Latneskt heiti

Galium verum
Salix phylicifolia
Alopecurus pratensis
Agrostis capillaris
Dryas octopetala
Caltha palustris
Cardamine nymani
Juncus arcticus
Galium normanii
Galium normanii
Anthoxanthum odoratum
Plantago maritima
Equisetum arvense
Eriophorum angustifolium
Pyrola minor
Bistorta vivipara
Empetrum nigrum
Silene acaulis
Epilobium alsinifolium
Diphasiastrum alpinum
Alchemilla alpina
Salix lanata
Hippuris vulgaris
Trisetum spicatum
Pinguicula vulgaris
Lycopodium annotinum
Montia fontana
Saxifraga rivularis
Alchemilla vulgaris
Cassiope hypnoides
Juncus trifidus
Trichophorum caespitosum
Carex nigra
Equisetum palustre
Viola palustris
Oxyria digyna
Leontodon autumnalis
Huperzia selago
Agrostis stolonifera
Carex vaginata
Bartsia alpina
Deschampsia caespitosa
Drosera rotundifolia
Carex bigelowii
Saxifraga stellaris

Íslenskt heiti

Sýki gras
 Tágamura
 Tjarnarstör
 Tófugras
 Túnfífill
 Túnsúra
 Túnvingull
 Undafífill
 Vallarsveif gras
 Vallelfting
 Vallhæra
 Vegarfi
 Þráðsef
 Þríhyrnuburkni
 Þrílaufungur
 Þúfusteinbrjótur

Latneskt heiti

Tofieldia pusilla
Potentilla anserina
Carex rostrata
Cystopteris fragilis
Taraxacum spp.
Rumex acetosa
Festuca richardsonii
Hieracium spp.
Poa pratensis
Equisetum pratense
Luzula multiflora
Cerastium fontanum
Juncus filiformis
Phegopteris connectilis
Gymnocarpium dryopteris
Saxifraga caespitosa

Náttúruvætti

Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá eru friðlýst náttúruvætti og einnig umhverfi þeirra og hafa verið frá 1981. Friðlýsingin var endurskoðuð með auglýsingu nr. 348/1986 í B-hluta Stjórnartíðinda (Kristján Geirsson, ritst., 1996). Friðlýsingin felur í sér að hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun um framkvæmdir á svæðinu (sbr. Lög um náttúruvernd nr.44/1999, áður nr.47/1971).

UMRÆÐUR

Rannsóknarsvæðið ber þess merki að þar er gamalt bæjarstæði, Dynjandi. Hluti af túninu hefur verið sléttað upp á nýtt og er nú tjaldsvæði. Annar hluti hefur ekki verið nýttur eða sleginn í einhvern tíma. Þar er talsverð sína í grassverðinum. Tegundir í þeim hluta eru þó ennþá að mestu þær sömu og í slegna hlutanum. Fyrirhugaðar framkvæmdirnar koma til með að vera á eða við túnið og hafa því ekki áhrif á óraskað land.

HEIMILDIR

Hörður Kristinsson, (1986). *Plöntuhandbókin: blómplöntur og byrkningar*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Kristján Geirsson ritst., (1996). Náttúruminjaskrá: skrá um friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. Reykjavík. Náttúruverndarráð.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Náttúrufræðistofnun Íslands, (1996). *Válisti 1 : Plöntur*. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands, (1997). Gróðurgreining.

Náttúrufræðistofnun Íslands, (2007). Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands:
<http://www.ni.is/>